

Minnisblað

Mæling á umfangi skjalasafns Hafnarfjarðabæjar.

Skoðuð voru skjöl bæjarskrifstofunnar sem geymd eru að Strandgötu 31 en nú stendur fyrir dyrum að losa þurfi húsnæðið. Skjölin eru geymd í kjallara húsnæðisins, en að auki við fremra rýmið eru þar einnig þrjú herbergi, öll full af skjölum.

Til að meta þann tíma sem tekur að ganga frá safninu voru skjölunum skipt í þrjá hópa: flokkuð skjöl, óflokkuð skjöl og bókhald. Ástæðan er sú að meta verður tímann sem tekur að flokka, skrá og pakka skjölunum út frá í hvaða ástandi skjölin eru. Gert er ráð fyrir að minni tíma tekur að fullfráganga skjöl sem búið er að flokka að einhverju ráði en skjölum sem eru algjörlega óflokkuð. Að sama skapi verður að gera ráð fyrir ákveðnum tíma í frágang bókhalds þrátt fyrir að heimild sé til grisjunar.

Mælieiningin sem hér er notuð er hillumetri, sem stendur fyrir það umfang sem áætlað er að frágengin skjöl taki í einum metra af hefðbundnum hillum. Ennfremur er gerður greinamunur á öskju og kassa en heitið askja er notað yfir ákveðna stærð af kössum sem vanalega eru notaðir undir skjöl. Möppukassar vísa í mun stærri umbúðir.

Herbergi 1:

Í innsta herberginu eru aðallega skjöl umhverfis- og tæknisviðs en þau eru í merktum öskjum og því nokkuð aðgengileg. Það er þó ekki til skrá yfir allar öskjurnar og innihald þeirra en slík skrá myndi auðvelda afgreiðslu og aðgengi til muna, að auki við að fá þannig yfirlit yfir skjalasafnið. Áætlað umfang er um 144 hillumetrar í hillum en einnig lágu öskjur upp á stæðunum og til hliðar ca. 14 hm. Alls voru í herberginu um 158 hm.

Samtals: 158 hm.

Flokkuð skjöl – 158 hm.

Herbergi 2:

Þar eru að finna ca 15 hm af bókhaldi sem líklega mætti grisja. Að auki eru þar um 40 hm af skjölum í stórum möppukössum sem eru óflokkuð og óskráð. Einnig eru þar um 40 hm af ýmsum skjölum í brúnum möppukössum, merktir með númeri og efnisorðum. Líklega eru þeir frá bókasafninu og er til gróf skrá yfir innihald þeirra. Ennfremur eru þar ca 6 hm af merktum möppum og um 7 hm af óflokkuðum skjölum. Innkomin bréf voru frágengin í öskjur, 6 hm.

Samtals: 74 hm.

Flokkuð skjöl – 12 hm.

Óflokkuð skjöl – 47 hm.

Bókhald – 15 hm.

Herbergi 3:

Í herberginu var um 150 hm af fylgiskjölum bókhalds sem er að hluta til komið á tíma til grisjunar. Þar voru einnig ca 4 hm af möppukössum með óflokkuðum og óskráðum skjölum.

Samtals: 154 hm.

Óflokkuð skjöl – 4 hm.

Bókhald – 150 hm.

Fremra rýmið:

Í fremra rýminu eru að finna samskonar merktum öskjum og voru í herbergi 1 og eru þau um 38 hm. Þar eru einnig ca. 15 hm af skjölum frá skipulagsfulltrúa og ca. 1 hm af skjölum byggingarfulltrúa í merktum öskjum. Í hillum má finna ca. 5 hm af merktum möppum.

Á gólfi eru um 10 hm af ófrágengnum skjölum í stórum möppukössum, ásamt um 30 hm af samskonar kössum í hillum. Allt er þetta óflokkað og ófrágengið. Að auki er bretti af um 14 hm af ófrágengnum skjölum í möppukössum.

Í rýminu eru nokkrir teikninga- og skjalaskápar. Tveir skjalaskápar eru fullir af ýmsum skjölum og eru um 2 hm hvor en sá þriðji er stærr og tekur um 4 hm. Teikningaskápur 1 inniheldur ca. 4 hm af teikningum og skápur 2 ca. 4 hm. Að auki er nokkuð um lausar teikningar, samtals um 2 hm.

Í hillu eru um 9 hm af stórum möppukössum með ýmsum skjölum. Líklega er það að hluta til útgefið efni en þarf eigi að síður að fara yfir, flokka og henda óþarfa eintökum.

Nokkur bretti eru í þessu fremra rými. Á einu brettinu er bókhald í hvítum kössum, ca. 10 hm. Á öðru bretti eru ýmis skjöl (eitthvað frá húsnæðisskrifstofu) og er hluti af því frágenginn en annað ekki, ca. 10 hm.

Sex bretti standa þétt saman í einu horni rýmisins og erfitt að sjá nákvæmlega um hvaða skjöl var að ræða. Meiri hlutinn, 3-4 bretti, eru líklega bókhaldsgögn en annað þyrfti að skoða, flokka og skrá. Samtals eru þetta um 70 hm.

Samtals: 200 hm.

Flokkuð skjöl – 64 hm.

Óflokkuð skjöl – 76 hm.

Bókhald – 50 hm.

Teikningar – 10 hm.

Önnur skjöl

Fékk ég upplýsingar um skjöl sem höfðu verið í Strandgötu 4 og færð út á slökkviliðsstöð sökum leka í kjallaranum þar sem þau voru. Voru þetta um 30 hm af merktum öskjum og um 10 hm af bókhaldi. Einnig voru þar 50 brúnir möppukassar sem gera um 20 hm.

Að auki eru skjöl í Strandgötu 6 og eru þar um 30 hm af flokkuðum skjölum sem tilheyrir aðallega málasafni og að hluta til skipulagsfulltrúa. Einnig eru þar um 5 hm af fundargerðum auk skjala í svokölluðum bankakössum, um 5 hm. ?

Samtals: 100 hm.

Flokkuð skjöl – 70 hm.

Óflokkuð skjöl – 20 hm.

Bókhald – 10 hm.

Samantekt

Þar sem skjölin voru á víð og dreif um rýmin, bæði í hillum og skápum og á gólfi eða brettum þá er erfitt að setja fram nákvæma tölu. Tölurnar sem settar eru hér fram eru því áætlun byggðar á áralangri reynslu að meta umfang ófrágengra skjalasafna. Ættu tölurnar að gefa hugmynd um umfang og þann tíma sem gera þarf ráð fyrir þegar farið er af stað með slíkt langtíma verkefni.

Flokkuð skjöl: 304 hm. * 8 klst. pr. hm. = 2432 klst. ?

Í þeim tilfellum sem skjöl eru flokkuð þarf að endurpakka í sýrufriar umbúðir og gera skrá í samræmi við reglur.

Óflokkuð skjöl: 147 hm. * 16 klst. pr. hm = 2352 klst. ?

Mestur tími fer í að flokka, skrá og pakka óflokkuðum skjölum í samræmi við reglur.

Bókhald: 225 hm. * 8 klst. pr. hm = 1800 klst.

Þrátt fyrir að grisja megi bókhald verður að gera ráð fyrir að tími fer í að taka út sýnishorn í samræmi við heimildir sveitarfélaga til grisjunar bókhalds ásamt því að pakka verður og skrá sýnishornin í samræmi við reglur.

Teikningar: 10 hm. * 16 klst. pr. hm = 160 klst.

Gert er ráð fyrir rúmum tíma við frágang og skráningu stærri teikninga sökum þess að lengri tíma getur tekið að flokka og skrá teikningar.

Samtals: 686 hm. og 6744 klst. sem gera 3,27 ársverk.

Hér vantar inn kostnað fyrir umbúðum sem uppfylla kröfur um langtímarvarðveislu. Vakin er athygli á reglum og leiðbeiningum um frágang og skráningu pappírsskjala sem gilda um alla afhendingarskylda aðila skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Helga Jóna Eiríksdóttir,
skjalavörður Þjóðskjalasafni Íslands

